

STJÓRNARTÍÐINDI A 28 — 1973

20. desember 1973.

291

Nr. 96.

L Ö G

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ný grein, 233. gr. a, orðist svo:

Hver sem með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt ræðst opinberlega á hóp manna vegna þjóðernis þeirra, lítarháttar, kynþáttar eða trúarbragða sæti sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

27. desember 1973.

Nr. 97.

L Ö G

um löndun á loðnu til bræðslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sildar- og fiskimjölsverksmiðjum, er taka við loðnu af fiskiskipum til bræðslu, skal skylt að taka við aflanum í þeirri röð, sem fiskiskip koma í löndunarhöfn, sbr. þó 2. gr.

2. gr.

Skipulagning og tilhögun á löndun á loðnu til bræðslu skal vera í höndum þriggja manna og jafnmargra til vara, eins samkvæmt tilnefningu samtaka fiskseljenda,